

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 7.11.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Jón Valgeirsson(JV), Hannibal Kjartansson(HK), Guðmundur Daníelsson(GD), Hörður Úlfarsson(HÚ), Lúðvig Þorfinnsson(LP)

2. Dagskrá

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- Farið var yfir útistandandi mál síðasta verkfundar. Þau afgreidd að öðru leiti en að því sem snýr að samningum við fjarskiptafélög um aðstöðu. GD sinni málinu. Einnig er útistandandi að fá niðurstöðu í aukaverk sem rædd voru á síðasta fundi og LP og HÚ ætlaði að kanna og koma með skýringar og leiðrétt uppgjör í samræmi við útboðsgögn og einingaverð.
- Mælingar vegna áfanga 3 berast mánudaginn 12. Nón að sögn HÚ. Jarðvinna við áfanga 7 er í gangi og blástur á strengjum í áfanganum hafinn.
- Ákveðið var á fundinum í samráði við HÚ að draga í rör innan áfanga 6 fyrir næsta verkfund og bæta þá Hruna inn í áfanga 5 ef ídráttur gengur skv. áætlun. Farið var yfir verkáætlun og er jarðvinnubáttur á áætlun og blástur, tengingar og frágangur áfanga nærri því að vera samkvæmt tímaáætluninni. Nokkrar breytingar gerðar á áfanga 7 sem snúa að fjölda röra á tilteknum stöðum. GD færir inn í vinnugögn og endursendir teikningar er breytingar krefjast þess.
- Önnur mál ekki rædd.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- GD undirbýr samninga við fjarskiptafélög vegna aðstöðu.
- LP og HÚ skoða reikninga vegna aukaverka og koma með endurnýjað uppgjör í samræmi við útboðsgögn og einingaverð útboðs.
- HÚ Draga í rör í áfanga 6.
- GD færa breytingar við áfanga 7 inn í vinnugögn og endursendir teikningar ef þörf er á.